

22.01.10

## Afkoma Landsbankans síðustu mánuði ársins 2008

Afkoma Landsbankans (NBI hf.) fyrir tímabilið 7. október – 31. desember 2008 liggur nú fyrir, en bankinn var stofnaður á grunni Landsbanka Íslands hf. þann 7. október. Taprekstur síðasta hluta árs 2008 skýrist af tapi tengdu peningamarkaðssjóðum Landsvaka. Rekstur bankans hefur gengið vel fyrsta heila starfsárið og ljóst að afkoma hans verður mun betri 2009 en hún var 2008.

### Helstu niðurstöður 2008:

- Afkoma Landsbankans eftir skatta var neikvæð um 6,9 milljarða króna fyrir tímabilið 7. október – 31. desember 2008.
- Þetta skýrist fyrst og fremst af tapi af markaðsskuldabréfum sem bankinn keypti af peningamarkaðssjóðum Landsvaka í október 2008, en það nam 38,2 milljörðum króna. Verðmæti skuldabréfanna er fært miðað við allar fyrirliggjandi upplýsingar um núverandi stöðu útgefenda bréfanna, en ekki eins og það var þann 31.12.2008.
- Hreinn gengishagnaður af gjaldeyrisjöfnuði að teknu tilliti til virðisrýrnunar, var 32,6 milljarðar króna á tímabilinu og skýrist annars vegar af gengisþróun krónunnar og hinsvegar af þróun gengis erlendra gjaldmiðla.
- Rekstrarkostnaður af reglulegri starfsemi var 4,1 milljarður króna. Hreinar þóknunartekjur námu 1,0 milljarði króna.
- Rekstrarkostnaður tengdur yfirtöku eigna og skulda frá (gamla) Landsbanka Íslands hf. nam 3,2 milljörðum króna. Þarna er bæði færður beinn kostnaður við yfirtökuna og kostnaður sem Landsbankinn samþykkti að taka á sig sem hluta af samningaverðinu.
- Heildareignir Landsbankans voru 1.037 milljarðar króna í árslok 2008 og hækkuðu um rúma 100 milljarða á tímabilinu. Þá hækkun má að stærstum hluta rekja til veikingar krónunnar.
- Útlán til viðskiptavina námu á sama tíma 705 milljörðum króna, þar af voru um 170 milljarðar til einstaklinga. Um fjórðungur útlána Landsbankans er til sjávarútvegsfyrirtækja.
- Innlán viðskiptavina námu 431 milljörðum króna, þar af voru verðtryggð innlán um 93 milljarðar. Verðtryggingarjöfnuður bankans er samt jákvæður um 54 milljarða.
- Innlán fjármálafyrirtækja voru 132 milljarðar króna. Erlendar fjármálastofnanir eiga stærstan hluta þeirra. Í áætlunum bankans er gert ráð fyrir að þessi innlán færist yfir í aðrar fjárfestingar í síðasta lagi þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt af flutningi fjármuna af þessi tagi. Bankinn er vel búinn til að mæta þessu mögulega útlæði innlána.
- Eigið fé bankans var 143 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall (Tier 1) var 13,0% í árslok 2008.

- Heildarfjöldi stöðugilda var 1.182 í árslok 2008.

### **Traustur efnahagur – traustur rekstur**

Ásmundur Stefánsson:

„Stofnefnahagur Landsbankans og efnahagsreikningur við árslok 2008 sýnir trausta eiginfjárstöðu. Eiginfjárhlutfall hans er þá 13% en samkvæmt lögum má það fara niður í 8%. Reksturinn er sömuleiðis traustur og ljóst er afkoman 2009 verður mun betri en árið 2008.

Þrátt fyrir að bankinn hafi átt á brattann að sækja að undanfögnu þá hefur tryggð viðskiptavina við hann verið bæði þakkar- og eftirtektarverð. Með þátttöku allra starfsmanna hefur verið unnið ötullega að stefnumótun fyrir bankann með það að markmiði að byggja Landsbankann upp til framtíðar. Vöxtur og viðgangur bankans er samofin vexti og velgengni íslenskra fyrirtækja og heimila og þjóðfélagsins alls. Landsbankinn hefur nú þá stöðu sem hann þarf að hafa til þess að leika það stóra hlutverk sem honum er ætlað í endurreisn atvinnu- og efnahagslífs í landinu.“

*Ársreikning Landsbankans 2008 má nálgast á heimasíðu bankans [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is)*

***Nánari upplýsingar veitir:***

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson

Tölvupóstur: [pr@landsbankinn.is](mailto:pr@landsbankinn.is)

Sími: 410 7100/899 9352